

TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

*Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-
ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:*

Vinnustöðvun nær til starfa á tilteknum starfsstöðvum sem unnin eru skv. kjarasamningi Sam-
taka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags um vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og
hliðstæðri starfsemi sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa
kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu
ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin nær til þeirra starfa sem unnin eru á starfsstöðvum fyrirtækjanna BERJAYA
HOTELS ICELAND hf (kt. 621297-6949) og Cambridge Plaza Hotel Comp ehf. (kt. 590815-
0980) samkvæmt ofangreindum kjarasamningi. Kennitölur og nöfn fyrirtækjanna eru birt
með fyrirvara um lokanir, gjaldþrot, breytingar á eignarhaldi o.s.frv.

Vinnustöðvun tekur til staðsetningar viðkomandi rekstrar og eftir atvikum fleiri starfsstöðva
ofangreindra fyrirtækja á félagssvæði Eflingar sem ekki eru taldar upp. Starfsstöðvar fyrir-
tækjanna á félagssvæði Eflingar - stéttarfélags sbr. 1. gr. laga félagsins eru þessar:

BERJAYA HOTELS ICELAND hf.

Alda Hotel Reykjavík	Laugavegi 66-68, 101 Reykjavík
Berjaya Reykjavík Marina Hotel.....	Mýrargötu 2-8, 101 Reykjavík
Reykjavík Marina Residence	Mýrargötu 14-16, 101 Reykjavík
Berjaya Reykjavík Natura Hotel	Nauthólsvegi 52, 102 Reykjavík
Canopy by Hilton Reykjavík City Centre	Smiðjustíg 4, 101 Reykjavík
Hilton Reykjavík Nordica	Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík
Reykjavík Konsúlat Hotel	Hafnarstræti 17-19, 101 Reykjavík

Cambridge Plaza Hotel Comp ehf.

The Reykjavík EDITION.....	Bryggjugötu 8, 101 Reykjavík
----------------------------	------------------------------

Vinnustöðvunin er ótímabundin og hefst klukkan 12:00 á hádegi 15. febrúar 2023 nema kjara-
samningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

Viðauki um atkvæðagreiðslu:

Atkvæðagreiðslu um boðun þessa skal lokið eigi síðar en kl. 20:00 þriðjudaginn 7. febrúar
2023.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir
félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar
atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breyting-
um á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Viðauki um verkfallsstyrk:

Samninganefnd leggur til við stjórn vinnudeilusjóðs að upphæð verkfallsstyrks verði 25.000 kr. fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu, og að sú upphæð gildi jafnframt um aðrar samþykktar verkfallsboðanir.

Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 30. janúar 2023 kl. 20:00 í Félagsheimili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.